

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Sjúkrahússins á Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 24. júní 2026 breytingu á deiliskipulagi Sjúkrahússins á Akureyri.

Breytingin tekur til lóðar sjúkrahússins og felur í sér að lóðin minnkar í 72.530 m² eða um 63 m². Breytingin nær til lóðarmarkanna meðfram Þórunnarstræti og norðurhliðar lóðarinnar meðfram Lystigarðinum ásamt lóðarmörkunum til austurs.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var ekki talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 29. júní 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,
Steinunn Karlsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 13. júlí 2026